

Mánudaginn 7. maí 1934.

Nr. 44/1934. **Eggert Claessen, f. h. Metúsalems Jóhannssonar** (Eggert Claessen)
gegn

Guðmundi Guðmundssyni (Enginn).

Höfuðstóll veðskuldar fallinn í gjalddaga vegna vangreiðslu.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 3. febr. 1934: Stefndur, Guðmundur Guðmundsson, greiði stefnandanum, Metúsalem Jóhannssyni, kr. 25368,50 með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1932 til greiðsludags og kr. 750,00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta, sem áfrýjað er til staðfestingar, var þingfest 30. f. m., mætti stefndi eigi, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. I. 1.—4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Á meðferð málsins í héraði eða áfrýjun þess, eru engir þeir gallar, er útiloki það, að krafa áfrýjanda verði tekin til greina. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm.

Með því að stefndi hefir tekið út áfrýjunarstefnu í máli þessu 21. febr. þ. á., er þingfesta skyldi í septembermánuði næstkomandi og hafði þar með veitt áfrýjanda ástæðu til að áfrýja málinu til staðfestingar, þykir rétt samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Stefndi, Guðmundur Guðmundsson, greiði á-áfrýjanda, Eggert Claessen, f. h. Metúsalems Jóhannssonar, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri að-för að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þeir í máli þessu, að hinn 22. febrúar 1932 gaf stefndur, Guðmundur Guðmundsson, Laugaveg 159 A hér í bæ út til handa *handhafa* skuldabréf fyrir kr. 35000,00, og var skuldin auk vaxta og kostnaðar tryggð með 1. veðrétti í húseign stefnds Laugaveg 159 A og erfða-festulandinu Þvottalaugabletti XXXV. Svo var um samið í bréfinu, að stefndur skyldi greiða vexti og afborganir af skuldinni 1. sept. og 1. marz ár hvert, þar til skuldinni væri að fullu lokið, og skyldi öll skuldin fallin í gjalddaga án nokkurs fyrirvara ef þessar greiðslur væru ekki af hendi inntar á nákvæmlega tilteknum gjalddögum og mátti veðhafi þá taka veðið fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar, sbr. 15. gr. laga nr. 29, 16. dez. 1885. Greiðslur samkvæmt bréfinu áttu að hefjast 1. sept. 1932 og skyldu kr. 1750,00 borgast af höfuðstól bréfsins á hverjum gjalddaga. Vextir af skuldinni voru ákveðnir 6% p. a. Greiðslurnar 1. sept. 1932 og 1. marz 1933 voru ekki inntar af hendi svo sem skuldabréfið ákvað og 22. júní f. á. baðst þáverandi handhafi skuldabréfsins, Eggert Claessen hrm. þess, að fjárnám yrði gert í framangreindum eignum til tryggingar allri skuldinni ásamt vöxtum og kostnaði. Var beiðni þessi tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 6. júlí f. á. og eftir að málið hafði verið sótt og varið fyrir þeim rétti, var hinn 28. júlí kveðinn upp sá úrskurður, að hið umbeðna fjárnám skyldi fara fram og var fjárnámið síðan framkvæmt 31. júlí f. á.

Úrskurði þessum og eftirfarandi fjárnámsgerð áfrýjuðu

báðir aðiljar fjárnámsins til hæstaréttar, en þar gekk dómur í málinu 24. nóv. f. á. á þá leið, að bæði fógetaréttarúrskurðurinn og fjárnámsgerðin voru úr gildi felld. Voru þessi úrslit byggð á þeim grundvelli, að þar sem hér var um handhafabréf að ræða, hafi stefndum ekki verið skylt að greiða fyr en hann hafði verið krafinn um greiðslu, en það hafi verið gert fyrst hinn 29. júní f. á. Gjalddagi umrædds veðskuldabréfs, í þeirri merkingu sem 15. gr. laga nr. 29, 1885 notar orðið hafi því ekki verið fyr en þann dag, og þar sem fjárnámið hafi byrjað 6. júlí næst á eftir hafi frestskilyrði nefndrar lagagreinar ekki verið fullnægt.

En nú hefir Metúsalem Jóhannsson, Ingólfsstræti 16, hér í bæ, sem handhafi og eigandi umrædds veðskuldabréfs höfðað mál þetta á hendur stefndum fyrir gestaréttinum samkvæmt heimild í bréfinu með stefnu útgefinni 2. dez. s. l. og krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér höfuðstól skuldarinnar, kr. 25368,50, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi þess, 22. febr. 1932 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Gerir stefnandi þá grein fyrir framangreindum kröfum, að skuld stefnds hafi um það leyti sem umrætt skuldabréf var gefið út aðeins numið hinni umstefndu upphæð, enda þótt skuldabréfið væri talið hljóða um kr. 35000.00. Þá telur stefnandi skuldina alla fallna í gjalddaga vegna vanskila stefnds.

Stefndur hefir ekki haldið því fram að höfuðstóll skuldabréfsins sé of hátt talinn. Eigi að síður hefir hann mótmælt kröfum stefnanda. Byggir hann mótmæli sín á því, að meðan framangreind fjárnámsgerð var undir áfrýjun hafi engin greiðsluskylda hvílt á honum. Hann hafi þá ekki getað vitað hve mikið hann ætti að greiða og jafnvel ekki hverjum. Nú hafi aðeins liðið 9 dagar frá því úrslit fengust í hæstarétti og þangað til stefna í málinu var birt, og telur hann að sá dráttur hafi verið svo óverulegur, að höfuðstóll bréfsins hafi ekki verið í gjalddaga fallinn er málið var höfðað. En ástæðuna til þess að hann hafi ekki, er mál þetta hófst, verið búinn að inna afborganir þær af hendi, er þá áttu að vera greiddar, kveður stefndur þá, að eftir að höfuðstóll bréfsins hafði verið færður niður, hafi vafi getað leikið á, hve háar afborganir af bréfinu

skyldu vera, hvort þær skyldu miðast við það, að bréfið yrði borgað á 10 árum eða hinsvegar vera kr. 1750,00, eins og upphaflega var ákveðið, og þar sem stefnandi hafi ekki látið uppi til hvers hann hafi ætlað i þessu efni, telur stefndur sér ekki hafa verið skylt að bjóða fram greiðslu.

Það verður nú ekki séð, að stefndur hafi nokkru sinni boðið fram nokkra greiðslu upp í umrætt skuldabréf, hvorki á afborgunum eða vöxtum, enda þótt honum hafi frá 29. júní f. á. verið það fullkunnugt hverjir hafi verið réttir heimildarmenn bréfsins og hann hafi verið krafinn um greiðslu. Ber því að fallast á það hjá stefnanda, að umrætt skuldabréf hafi, er mál þetta var höfðað, allt verið í gjalddaga fallið og verða þá framangreind mótmæli stefnds ekki tekin til greina.

Þá heldur stefndur því fram, að stefnandi hafi bakað sér 16000 króna tjón með því að hindra hagkvæma sölu á hinni veðsettu húseign, og hefir hann krafizt þess, að sú upphæð komi til frádráttar frá hinni umstefndu skuld. En gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur ekki sannað þessa staðhæfingu sína og hefir þá umrædd mótbára hans heldur ekki við rök að styðjast. Verða þá úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 750,00.

Mánudaginn 7. maí 1934.

Nr. 70/1933. **H/f Sandgerði** (Th. B. Lindal)

gegn

Árna Einarssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Krafa um frádrátt á kaupverði vegna meintra galla eigi tekin til grein.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. apríl 1933: Stefndur, h/f. Sandgerði, greiði stefnandanum, Árna Einarssyni, kr. 1565,00 með 6% ársvöxtum frá 12. dez. 1928 til